

Mál nr. 385/2011

M
og
váttryggingafélagið X v/ frítímaslysáttryggingar.

Ágreiningur líkamstjón af völdum frítímaslyss þann 10.5.2010.

Gögn.

150. Málskot, móttakið 13.9.2011, ásamt fylgigögnum.

151. Bréf X, dags 28.9.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 10.5.2010 var M að taka hjólhýsi úr hjólhýsageymslu er hann datt og lenti með hægri öxl á steingólfi. Þann 17.11.2010 leitaði M til bæklunarskurðlæknis vegna verkjaeinkenna í öxlinni. Kvaðst hann eiga erfitt með að liggja á öxlinni en aðallega væri hann með sársauka við hreyfingar um og ofan axlarhæðar. Við segulómrannsókn af öxlinni, sem framkvæmd var 17.1.2011, kom í ljós að „[u]pparmsleggjarhöfuðið stóð hátt í axlarliðnum og náðist nánast uppundir axlarhyrnuna sem benti ótvírætt á rof í axlarhólknum auk þess sem vökvi var til staðar bæði í axlarliðnum og í viðbeins-axlarhyrnulið.“ Miðað við óeðlilega háa stöðu upparmsleggjarhöfuðsins við umrædda rannsókn var það mat læknisins að axlarhólkurinn hafi verið veiklaður fyrir slysið í maí 2010, en við áverkann þá hafi hann rofnað.

Fram kemur í gögnum málsins að í mars 1998 hafi M dottið á hægri öxl og röntgenrannsókn þá hafi sýnt ótilfært brot í öxl („lateral acromion“). Hafi M fengið viðeigandi meðferð auk sjúkraþjálfunar í átta skipti, en verkir ekki horfið að sögn sjúkraþjálfara.

M hefur krafist bóta úr frítímaslysáttryggingu sem hann hafði hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl á milli slyssins og þeirra einkenna sem M kvartar nú undan í öxlinni.

Álit.

M leitaði fyrst til bæklunarlæknis rúnum sex mánuðum eftir váttryggingaratburðinn. Þá liggur fyrir að M hafði áður orðið fyrir skaða á hægri öxl. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu um þann líkamlega skaða sem M kveðst hafa orðið fyrir í slysinu þar sem eftir atvikum væri tekin afstaða til þess hvort skaðann mætti rekja til váttryggingaratburðarins. Eins og málið liggur fyrir og gegn neitun X verður að telja ósannað að þau einkenni sem M býr við verði rakin til slyssins 10.5.2010. Við svo búið á hann ekki rétt til bóta úr frítímaslysáttryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr frítímaslysáttryggingu hjá X.

Reykjavík, 1. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.